

# Solla stirða tilnefnd til Emmy-verðlauna

Bandaríska stúlkan Julianna Rose Mauriello, sem leikur Solla stirðu í Latabæ, hefur verið tilnefnd til hinna virtu Emmy-sjónvarps-verðlauna.

Tilnefningin er í flokki leikins barnaefnis og er Latibær þar á meðal vinsælustu og þekktustu barnabátta í bandarísku sjónvarpi. Úrslitin verða tilkynnt á Emmy-verðlaunahátíðinni sem fer fram í Los Angeles 28. apríl.

„Þetta er gríðarlegur áfangi á leið okkar á toppinn. Þetta er gleðidagur fyrir Latabæ,“ segir Kjartan Már Kjartansson hjá Latabæ. „Þessi tilefning gildir fyrir alla leikna barnabætti í Bandaríkjunum sem eru sýndir frá tvö á nóttu til sex á kvöldin. Sesame Street er



**SOLLA STIRÐA** Julianna Rose Mauriello hefur verið tilnefnd til hinna virtu Emmy-verðlauna.

með okkur í flokki og hann hefur verið sýndur í áratugi. Það að við erum komin strax í þennan hóp er mikil viðurkenning fyrir Latabæ og fyrir Júlíönnu,“ segir hann.

Þess má geta að ekki er langt síðan Latibær fékk fyrstu verðlaun fyrir talsetningu á þýsku á hátíð sem var haldin í Þýskalandi 27. janúar síðastliðinn.

Upptökur á nýrri þáttaröð um Latabæ hefjast hér á landi um miðjan þennan mánuð og hefur undirbúningur verið í fullum gangi að undanfögnu. Átján þættir verða teknir upp og bætast þeir við þá 35 þætti sem hafa verið sýndir í Bandaríkjunum sem og annars staðar við góðar undirtektir. ■